

Fundargerð 19. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn föstudaginn 15. ágúst 2008, kl. 8:30 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Einar Karl Haraldsson varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Björgvinsson, Sævar Skaptason og Helga Haraldsdóttir.

Forföll boðuðu: Dagur B. Eggertsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson, og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Björg Þorkelsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fimmtíu millj. kr. aukafjárveiting til markaðsmála.
3. Móttaka ferðamanna: Aðgangseyrir, merkingar, öryggismál, salerni.
4. Hlutverk ferðamálaráðs.
5. Haustferð ferðamálaráðs.
6. Önnur mál.

Áður en gengið var til dagskrár bauð formaður velkominn nýjan fulltrúa SAF í ferðamálaráði, Helga Má Björgvinsson, framkvæmdastjóra sölu og markaðssviðs Ícelandair.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 18. fundar samþykkt.

2. Fimmtíu millj. kr. aukafjárveiting til markaðsmála.

Sigrún Hlín Sigurðardóttir forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu kynnti hvernig Ferðamálastofa telur að fjármagninu skuli varið. Fjármagn mun fara til stórra aðila til að ná sem mestum árangri. Fjármagnið einungis viðbót við annað fjármagn.

Ráðsmenn fögnuðu þessu viðbótarframlagi stjórnvalda og ræddu tillögurnar ítarlega. M.a. var lagt til að huga að landsbyggðinni og varað við því að erlendar ferðaskrifstofur yrðu of frekar til fjárins. SHS sagði Ferðamálastofu myndu taka eftir föngum tillit til framlags fundarmanna. Formaður þakkaði Sigrúnu fyrir komuna

3. Móttaka ferðamanna: Aðgangseyrir, merkingar, öryggismál, salerni.

Ferðamálaráð var sammála um að nú hefði í fyrsta sinn skapast andsrúmsloft sem leyfir umræður um gjaldtöku af ferðamönnum til að fjármagna úrbætur og aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákveðið var að dreifa eftir fundinn sem ráðuneytið hefur látið gera um leiðir til gjaldtöku til að fjármagna umhverfisúrbætur á ferðamannastöðum. Á næsta fundi verði farið ítarlegar yfir þá kosti sem ferðaþjónustan/stjórnvöld standa frammi fyrir.

Varaformaður hrósaði ferðamálastjóra fyrir að fá leiðsögumenn til að gera tillögur að úrbótum á helstu ferðamannastöðum.

4. Hlutverk ferðamálaráðs.

EKH segir ráðuneytið vilja að Promote Iceland verði komið á laggirnar í haust. Einnig sé stefnt að

Því að leggja fram frumvarp á komandi þingi um breytingu á lögum um ferðamál en í því er tekið á stofnun markaðsstofa landshlutanna, fækkun fulltrúa í ferðamálaráði og hlutverk ráðsins skýrt frá því sem er í núgildandi lögum. Ferðamálaráð verði ráðgefandi við ferðamálastjóra en ekki eingöngu ráðherra eins og nú er.

5. Haustferð ferðamálaráðs.

Ákveðið að halda til Vestmannaeyja svo ferðamálaráð geti kynnt sér nýjungar í ferðaþjónustu þar og framtíðasýn með miklum breytingum í samgöngumálum og á hafnarmannvirkjum.

6. Önnur mál.

Anna G. Sverrisdóttir minnir á kynningu um umhverfisstefnu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Fundi slitið kl. 9:30.

Næsti fundur verður haldinn í Vestmannaeyjum 4. og 5. sept. n.k. Brottför frá Reykjavík að morgni 4., heimkoma um hádegi 5.